

GRUNDUN:

Grafa skal, fyrir undirstöðum, niður á burðarhæfan klapparbotn eða annað burðarhæft lag, samkvæmt úttekt byggingarfulltrúa.

Fyllingarefnið er frostfrí grús, þjöppuð rækilega í hæfilega þykkum lögum, t.d. í 30 sm lögum með 5 tonna vibróvaltara og 4 yfirferðum á hvert lag, þar sem búast má við ójöfnum botni skal vanda sérstaklega þjöppun, grús undir undirstöðum og botnplötu sé hvergi minni en 500 mm. á þykkt.

Þjöppun á að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- E2 ≥ 40Mpa
- E1 ≥ 15 Mpa
- E2/E1 ≤ 3

FRÁRENNSLISLAGNIR:

Frárennslislagirnir eru allar úr stífum plastpípum af viðurkendri gerð t.d. PVC og verða að standast þær kröfur sem fram eru settar í ÍST-65.

Visað er í RB-blað nr. Rb(12),401 varðandi frágang við jarðvatnslagnir. Uppgefnir kótar eru miðaðir við rennslisbotn á pípum.

Vanda skal alla vinnu við lagningu frárennslislaganna og gæta sérstaklega að því að pípur hvíli á belgnum, en ekki samskeytum, að undirlag sé vel þjappað og burðarhæft. Ekki skal leggja lagnir á frosið undirlag.

Efni og frágangur skal að öllu leiti vera í samræmi við gildandi holræsareglugerð og ÍST-65.

GK = Gólfkóti	HBRØ1000 = Hreinsibrunnur með þvermál Ø1000
NF = Niðurfall frá þaki	

GN = Gólfniðurfall	GN-g = Gólfniðurfall með gegnumrennsli
ÞV = Þvottavél	
EV = Eldhúsvaskur	SKV = Skolvaskur

HL = Handlaug	
ST = Sturta	BK = Baðkar
VS = Vatnssalerni	

Fn = Fallpípa nr. n	YÞ = Loftun upp fyrir þak.
---------------------	----------------------------

J = steypujárn	
PL = Plast	
ST = Steinsteypa	PEH = Polyetylen með háa eðlisþyngd.

_____	Merkir pakkaða fráveitulögn
_____	Merkir ópakkaða regnvatns- og drenlögn

JÁRNBENDING:

Járnastærðir eru í mm.

Steypustyrktarstál merkt R á teikningu er slétt stál ST37 Steypustyrktarstál merkt K á teikningu er kambstál Ks 40 með $\sigma_f = 400$ Mpa.

MERKING JÁRNA:

K10 m/m250 merkir að eitt 10 mm kambjárn komi á hverja 250 mm. Í plötu er fjarlægð gefin milli beinna járna innbyrðis og milli uppbyggðra járna innbyrðis.

Heildregin lína merki járn í neðri brún plötu. -----
 Brotin lína merki járn í efri brún plötu. - - - - -

Bil milli láréttra járna í bitum er 25 mm fyrir 16 mm járn en 30 mm fyrir sverari járn. Í plötum má ekki skeyta meira en þriðja hvert járn í þversniði, bil milli skeytiþversniða sé ekki minna en 40 x þvermál járnstangar. Vixlunarlengd á samskeytum (skeytilengd) er a.m.k. 40 x þvermál járnstangar. Beygjuþvermál kambstáls skal mera 20 x þvermál járnstangar en fyrir suðuhæft stál 5 x þvermál járnstangar.

Í efri og neðri brún undirstaða komi 2K12 lárétt járn sem beygjast heil fyrir horn. Umhverfis öll múrop skal setja 2K12 sem nái a.m.k. 600 mm út fyrir opin. Í alla veggenda og efst í alla veggi skal setja 2K12.

FJARLÆGD JÁRNA FRÁ STEYPUYFIRBORDI, Í MM:

Plötur	Veggir	Bitar	Súlur
Innanhúss	15	20	25 25
Útanhúss	20	20	25 30
Undirstöður	30	30	


STEINSTEYPA Í STADSTEYPTUM BYGGINGAHLUTUM:

Öll steypa og steypuvinna skal vera í samræmi við íslenska staðal ÍST-10, framkvæmdaflokk B. Nota skal loftblendi sem gefur 5-7% loftinnihald við útlögn. Titra skal steypu. Sigmál skal vera 60-80 mm. VS-tala sé ekki hærrí en 0,5. Hámarkssteinastærð í steypu sé 32 mm, þó ekki stærri en 16 mm í ásteypulagi. Nota skal þjálniefni í steypu ofan grunnplötu, t.d. KEMFLOT 35.

- Í undirstöður notist S250
- Í botnplötu notist S250
- Í útveggi notist S250
- Í bita og súlur notist S250
- Í ásteypulag notist S250

Lágmark sementsinnihalds í S250 steinsteypu er 300 kg/m³ og vs-tal < 0,5.

LÁRÉTT SNIÐ Í VEGG SEM SÝNIR FRÁGANG Á HORNUM ÞAR SEM JÁRNAGRINDUR MÆTAST.:



ÁLAGSFORSENDUR:

Miðað er við álög, þar sem það á við, samkvæmt ÍST-12

Notálag:

Hæðarskil og gólfplötur, jafndreift álag
 Álag á gólfplötu = 1,5 kN/m²
 Léttir veggir = 1,0 kN/m²

Vindálag:

Z=6
 $v = 15,5(\log z + 2) = 15,5(\log 60 + 2) = 43,1$ m/sek
 Grunnildi = $q = 43,1^2/1600 = 1,16$ kN/m²

Snjóálag:


Svæði 1 : s = 1,0 kN/m²

Jarðskjálftaálag: ÍST-13

Svæði 4 : z = 1,0
 Veggjabygging : k = 1,33

Eiginþungi :

Þak	1,20 kN/m²
Steinsteypa	25,00 kN/m³
Gólfilögn	1,00 kN/m²



Breytingar:	
HÚSEY Teikni- og verkfræðijónusta. SELFOSSI	
Vinnustofa:	Stóru-Sandvík 4, 801 Selfoss. Sími 482-1738 / 896-9199 Netfang: samsh@sinnet.is
Áb.m. og réttahafi:	Samuel Smári Hreggviðsson, byggingateknifræðingur, M.T.F.I. Kt.: 200752-4659
Viðfangsefni:	
STANGARLÆKUR 2, Grimsnes- og Grafingshreppur	
Verklut:	
STÁLGRINDARHÚS, Hesthús, Almennar skýringar	
Mælikvarði:	Teiknað/Reknað:
1:50	ssh
Dagsetning:	
Stóru-Sandvík 4, 13. júlí 2009	
Samþykkt:	
<i>[Signature]</i>	
Verktúmer:	
09-630	
Teikn.nr.:	
2-01	